

Kirkjuþing 2021-2022

37. mál – þskj. 37

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um heitið Þjóðkirkjan.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

Kirkjuþing 2020 – 2021 ályktar að heiti Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu verði frá og með 1. janúar 2022 „Þjóðkirkjan“.

Greinargerð.

Á aukakirkjuþingi 2021 var samþykkt þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Yfirstjórn kirkjunnar er skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem starfi náðið saman. Er um að ræða annars vegar biskupsstofu sem verður áfram embættisskrifstofa biskups Íslands, en með breyttu hlutverki og síðan ný rekstrarskrifstofa (rekstrarstofa) Þjóðkirkjunnar sem annast veraldlega umsýslu og styður við þjónustu biskupsembættisins. Það heiti á skrifstofu kirkjustjórnarinnar og hinum lögformlega rekstraraðila sem notað hefur verið frá 1. janúar 2020, þ.e. „Þjóðkirkjan - Biskupsstofa“ verður ekki alls kostar lýsandi með hliðsjón af hinni nýju rekstrarstofu sem tekur til starfa um áramót 2021 - 2022. Lagt er til að heitið verði einfaldað og nefnist skrifstofan og lögaðilinn einungis „Þjóðkirkjan“. Síðan verða, í samræmi við framangreint, tvær skrifstofur þar sem bera heitin biskupsstofa annars vegar og rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar hins vegar.

Biskupsembættið mun áfram fara með yfirráð yfir heitinu „biskupsstofa“ eins og verið hefur. Heitið „biskupsstofa“ er skráð vörumerki hjá Hugverkastofu, frá og með 30. apríl 2016 – 30. apríl 2026 og biskupsstofa sem lögaðili er skráður eigandi þess.